

*A sjómannaálagum 1980.*

Góðir sjómenn og aðrir tilheyrendur.

En sem fyrr að liðinni vetrarönn í veldi myrkurs, kulda og storma, við vaxandi birtu, vona og fyrirheita þeirra ljósu daga norðursins, halda íslenskir sjómenn dag sinn helgan. Ver hlunnajör vaggar í friðsæld og rósemi þreyttur og lúinn við bryggur bundinn.

Þennan dag minnst íslenskir sjómenn liðins starfsárs, þakka og gleðjast yfir gjöfulleik hafsins og þakka vernd forsjónarinnar yfir förnum leiðum gegn um brim og boða. Margur mun í dag einnig sakna, því liðinn vetur hefir sem fyrr höggvið mörg skörð í raðir sjómanna-stéttarinnar. Allra þeirra sem horfið hafa í djúp hafsins við störf sín og skyldur minnumst við í dag með virðing og þökk, minnug þess, að þrátt fyrir auknið öryggi og stærri betur útbúin skip, verður maðurinn ætíð máttvana gegn valdi höfuðskepnanna.

Við hér í þessu byggðarlagi getum verið þakklát forsjóninni fyrir vernd hennar yfir sjómönnum okkar á liðinni vetrarvertíð, en þó svo ræki-lega miðant á nversu oft er skammt milli lífs og dauða í hildarleiknum á hafinu, og í dag finnst mér skilt að þakka hversu gifusamlega tókst til þegar vélskipið Saxhamar fékk á sig brotsjó í aftakaveðri, slík atvik leiða huga þeirra sem í landi starfa að því hversu hættusamt þetta starf er og hversu mikill vandi er á höndum skipstjórnarmönnum undir slíkum kringumstæðum.

Íslenskir skipstjórnarmenn hafa löngum engir aukvisar verið, enda aldrei heiglum hent að sækja sjó á vetrarvertíðum á misviðrasömum miðum umhverfis landið og kemur hér til samhefing meðfæddra og áunninna hæfi-leika þessara manna, hafa alist upp við sjómanna-störfin frá blautu barns-beini, haft þessa völdugu höfuðskepnu að leik og starfsfélaga, lært að þekkja eðli hennar, duttlunga, blíðu og ógnvekjandi styrk. Stærri skip og síaukin tækni krefst aukinnar þekkingar til að valda því umfangi sem framrás nútímans kallar á. Eg álit að íslenskir skipstjórnarmenn all-flestir hafi yfir að ráða mikilli og góðri reynslu og þekkingarleitni fari vaxandi og sé í takt við örtvaxandi tækniþróun.

Það fer þó ekki hjá því, að til sjómanna-starfa veljast mikið menn oft um stundarsakir, reynslulitlir eða reynslulausir, sem hlýtur ætíð að hafa í för með sér aukna hættu og aukna ábyrgð skipstjórnarmanna. Það hefir lengi verið útbreidd skoðun að allir geti á sjóinn farið, svo fremi að þeir séu ekki sjóveikir, þetta er erfð frá gamla tímanum, sem enþá því miður vill loða við. För margra ungra manna í verið, jafnvel þeirra sem aldrei höfu mígið í saltan sjó, minnir á ferðir gullgrafaranna, vonin um skjótttekinn gróða og æfintýri, varð fyrirhyggjunni yfirsterkari.

Of lítið hefir verið gert að því, að gera út svokölluð skólaskip, þar sem ungum mönnum er gefinn kostur á, að kynna sjómanna-starfinu

læra réttu handtökin, rétt megnönlun veiðarfæra og þá síðast en ekki síst að lær að finna í sér þann vilja og áhuga sem leiðir þá af fullri einlægni til þessa starfs sem vekur með þeim stéttarvitund og samheldni í baráttunni fyrir rétti sjómannsins. Æ koma nú fleiri og fleiri ungir menn á vinnumarkaðinn sem margur hver telur sig vera reiðubúinn og hafa til að takast á við störf á sjónum, eiga afl og kjark, en eru reynslulausir, fleiri og fleiri verða þeir nú sem aldrei hafa átt þess kost í esku að leika sér í fjörunni, vaxa upp í leik og starfi við sjóinn. Það er því brýn nauðsyn að íslenskir framámenn í sjómannastétt geri sér aukna grein fyrir gildi skólaskipa fyrir verðandi sjómenn.

Það er mannlegt að verða sér út um skjóttekinn arð af hlaupamönnum úr öðrum röðum annara stétta, en eigi að síður ekki drengilegt að að skóttast á brott til annara starfa þegar minna er að hafa, því oft mega hinir eiginlegu sjómenn búa við þá staðreynd að mörg er sjóferðin farin, sem lítið eða ekkert, þetta er vert að hafa í huga þegar býsnast er yfir miklum tekjum sjómanna. En þá hafa sárafiðar raðir heyrst um þennan tætingshátt í íslenskum aflabrogðum, en ekki þetti mér ólíklegt, að hinir raunverulegu sjómenn fari senn að huga betur að þessum málum.

Íslenskum nútímasjómanni, má líkja við bóndann, sem ræktar æ meir og meir af því landi sem hann hefir til yfirráða, hann færir girðingarnar æ lengra út og hyggur að þeim nytjagróðri sem arðvænlegastur er.

Íslenskir sjómenn hafa á undanförunum áratugum átt í mikilli bráttu til verndar rétti sínum, með útfærslu fiskveiðilogsögunnar, með þolinmæði og þrautsegju hefir þetta tekist, þannig að í dag geta sjómenn vel við unað, allar gerðir í þessum málum verða þó ætíð undeilda og er stýst að minnast samkomulags Íslendinga og Norðmanna um Jan Mayendeiluna.

Það er svo spurning hvernig okkur tekst til með að varðveita það sem áunnist hefir og að innbyrðis getum við fundið færustu og hagkvæmstu leiðirnar í fiskveiði og fiskverndunarmálum okkar sjálfra.

Stór vandamál blasa við í þessum höfuðatvinnuvegi okkar og þegar svo er komið, að leggja verður stórum hluta fiskveiðiflotans lengri tíma og sett hefir verið á stofn nokkurskonar skömmunarskrifstofa, hljóta sjómenn að vakna til aukinnat stéttarvitundar, þjappa sér betur saman meðvitaðir þess, að þeirra er fyrst og fremst rétturinn, til sjósóknar, sem gert hafa þetta áhættusama starf að lífsviðfangi sínu. Sá stóri hópur manna úr hinum og þessum stéttum þjóðfélagsins, sem ráðist hefir inn á akur sjómannsins, hlýtur senn að verða að vikja líkt og aðrir þeir sem fóru sópandi greyp um bestu bitana. Svort sem okkur líkar það betur eða verr, þá verðum við að setta okkur við, að hið frjálssa veiði og hjarðmannatímabil hefir runnið sitt skeið. Við verðum að gera þær kröfur að við getum lifað sómasamlegu lífi af því starfi, sem við að fúsum vilja höfum sjálf valið okkur, teijum við ekki svo vera, er að sækja sinn rétt líkt og íslenskir sjómenn hafa orðið að gera í harðri og langri baráttu sinni í landhelgismálunum.

Barátta sjómansins stendur á fleirum en einum vígstöðvum. Fyrir utan baráttuna um útfærslu landhelgi og fiskveiðilögsögu, hefir kjarabaráttan eitið verið það mál þeirra sem og annara stétta sem mest hefir verið áberandi, þessi barátta virðist auðskilin öllum og hljómar fagurlega, en hefir ekki að sama skapi gefið það sem fullnægt hefir eðlilegu ástandi í mál-efnum sjómanna, þessi þáttur er aðeins hluti af raunasögu í íslensku verðbólgupjóðfélagi. Minni gaumur hefir verið gefinn að hinni félagslegu stöðu, þar er ástandið vægast sagt ömurlegt á fjölmörgum sviðum, dæmin eru nærtæk, það er engu líkara en það sé eitthvert eðlislögmál, að sjómönnum beri að vera eitthvert umhirðulaust rekald strax þegar í land er komið, tel ég mig ekki þurfa að lýsa því ástandi sem víða ríkir í íslenskum verstöðvum, hvað málefni sjómanna varðar þegar í land er komið.

Árlega verja útvegsmenn og fiskverkendur tugum miljóna til aukinnar hagræðingar í starfsemi sinni, hver á sína vísu en oft í hróplegu ósamræmi við knýjandi þarfir þjóðhagslega séð. En það er eins og einn þáttur í uppbyggingunni við þessa atvinnugrein hafi gleymst. Félagssleg aðstaða hins almenna sjómanns hefir algjörlega gleymst, jafnvel þinar sjálfsögðustu frumþarfir verða ekki leystar. Það ætti að vera metnaðarmál hvers einasta sjávarpláss að eignast sitt sjómannaheimili, þar sem sjómenn gætu notið eðlilegs lífs, þær stundir sem þeir eru í landi. Þeir eru ekki ófáir farandsjómennirnir og sem slíkrar þjónustu þarfnast. Hér þarf aukinn samtakamátt þeirra sjálfra, ásamt vilja og skilningi útvegsmanna og ráðamanna svo sem verkafélsforustu og sveitarstjórna. Byggðarlag sem fyrst og fremst byggir afkomu sína á þessum atvinnuvegi er stórlega vanbúið til vaxtar og þroska ef það leiðir hjá sér öllu lengur að horfa með fullri alvöru til þessara mála.

Góðir tilheyrendur. Það kann að þykja ankannalegt að hér í dag ávarpi ykkur maður svo fjarri ykkar störfum og baráttumálum og þegar ég var beðinn að fremja þessa orðræðu í tilefni ykkar hátíðisdags, fann ég mig að mörgu leiti vanbúinn að takast það hlutverk á hendur, því svo langt finnst mér ég vaxinn frá uppruna mínum og slitinn ár tengslum við þá rót sem meður óx af. Eg verð þó að viðurkenna, að mér finnst ég eigi alltaf skuld að gjalda þeirri stétt sem ól mig til þess þroska sem áunnist hefir gegn um tíðina. Eg vænti þess, að ég verði ekki of persónulegur og mér leyfist á þessum hátíðisdegi ykkar að mega tengja niðurlag orða minna við minningu um föður minn, sem sína löngu og starfsömu efi helgaði líf sitt sjónum, af þeirri hjartans gleði að fátítt er, mér er það líka kært að fá að mæla þessi orð hér á þessum stað, vegna þeirra tengsla sem af tilviljun sköpuðust er listamaðurinn Ragnar Kjartansson gerði verk sitt Jöklara og staðsett er í þessum garði, með ásynd hans að sýmbóli íslensks sjómanns að ímynd sinni.

Fyrir þann sem kominn er vel á miðjan aldur og lifað hefir gegnum merka þróunarsögu í sjávarútvegi, verða stundum huglæggar minningar að

myndrænu samspili nútíðar og fortíðar, þar sem andstæðurnar mætast í órjúfandi skyldleika, skoðandanum það lífsmynstur sem skreytir og bætir þjóðarsögna.

Sjómenn og sæfarendur í Neshreppi, þið eigið því láni að fagna að búa á útnesi í nálægð við hin gjöfulustu fiskimið, þið hafið gengið sjávargötuna frá Krossavík til Rífs, frá Örbirgð og erfiðleikum til Þjargálna og Þæginda, það getur stundum verið holt að líta til baka, því að fortíð skal hyggja, er framtíð skal byggja. Það er því ekki ástæða til annars en að vera bjartsýnn þrátt fyrir siendurtekna stundar-erfiðleika sem alltaf blasa við í öllu starfi mannsins.

Og þá ósk á ég besta sjómönnum til handa á þessum hátíðisdegi þeirra, að þeim auðnist í samheldni og einingu að rækta sinn akur og varðveita að það verði þeim og þjóðinni allri sú styrka stoð sem haldið geti uppi efnahagslegu sjálfstæði okkar og frá þessum göfuðatvinnuvegi megi renna sú orka út í æðar þjóðlífsins er geri okkur fært að búa komandi kynslóðum bjarta sýn um ótroðnar slóðir framtíðarinnar.

Blessun fylgi sjómönnum og sæfarendum, hvar sem leiðir liggja.

Til hamingju með daginn.